

Fimmtudaginn 5. júní 1975.

Nr. 7/1975. **Vinnuveitendasamband samvinnufélaganna vegna Skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga** (Skúli Pálmason hrl.)

gegn

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands

(Finnur Torfi Stefánsson hdl.).

Dómarar:

Guðmundur Jónsson, Sigurður Línadal, Bjarni K. Bjarnason, Árni Guðjónsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 4. þ. m. um framkomna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 28. maí 1975, og var málið þingfest 30. sama mánaðar.

Stefnandi málsins er Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna Skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands.

Í stefnu hefur stefnandi gert þessar dómkröfur:

„Að samúðarverkfall vélstjóra á farskipum, sem ákveðið var af stjórn og trúnaðarmannaráði Vélstjórafélags Íslands á fundi 4. maí s.l. og kom til framkvæmda 14. sama mánaðar, samkvæmt áður tilkynntri verkfallsboðun, dags. 7. maí s.l., verði dæmd ólögmet aðgerð, sem fari í bága við II. kafla laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938.

Að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða kann að hafa í för með sér.

Að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands verði dæmt til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins“.

Er málið var tekið fyrir 3. þ. m. var af hálfu stefnanda

fallið frá kröfu um viðurkenningu á skaðabótaábyrgð stefnda, en stefnanda var jafnframt áskilinn réttur til að hafa slíka kröfu uppi í sérstöku máli síðar.

Í greinargerð stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Munnlegur málflutningur fór fram 4. þ. m. um frávísunarkröfuna.

Í þessum þætti málsins er þess krafizt af hálfu stefnda, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Kröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og hann dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir eru þeir, að hinn 24. apríl sl. hófu vélstjórar á togurum, sem eru að stærð 500 rúmlestir og stærri, verkfall. Aður hafði komið til framkvæmda verkfall undirmanna á þessum skipum. Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Vélstjórafélags Íslands hinn 4. maí sl. var samþykkt, „að boða til samúðarverkfalls á kaupskipum til stuðnings vélstjórum á togurum í deilu þeirra“. Með bréfi dagsettu 7. maí sl. tilkynnti Vélstjórafélag Íslands Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, skipadeild, að samúðarverkfall samkvæmt áðurgreindri fundarsamþykkt kæmi „til framkvæmda á miðnætti miðvikudaginn 14. maí 1975, hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma“. Samningar tókust ekki, og hafa skip sóknaraðila stöðvazt vegna samúðarverkfallsins, þegar þau hafa komið til hafnar hér á landi.

Frávísunarkrafa stefnda er studd þeim rökum, að það sé grundvallarregla íslenzks réttar, að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936. Málshöfðun verði „að fylgja ákveðin krafa, t. d. um greiðslu skaðabóta, refsingu, jákvæðar at-hafnir af hálfu stefnda að viðlögðum dagsektum o. s. frv.“.

Í máli þessu geri stefnandi enga slíka ákveðna kröfu, og verði því með dómi í málinu engar lyktir á ágreiningi aðiljanna. Er því og haldið fram, að krafa stefnanda feli ekki í sér kröfu um viðurkenningardóm. Að lokum er því haldið fram, að hér sé ekki um að ræða skiptingu á sakarefni samkvæmt 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, enda hafi stefndi ekki samþykkt slíka skiptingu.

Krafa stefnanda um að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið, er byggð á því, að mörg skip sóknaraðila hafi þegar stöðvazi eða séu um það bil að stöðvast vegna samúðarverkfallsins. Mjög miklir hagsmunir séu hér í húfi og hafi sóknaraðili raunar þegar orðið fyrir miklu tjóni. Stefnandi eigi rétt á að fá um það dæmt, hvort samúðarverkfall þetta sé ólögmæt aðgerð, og slíkan ágreining sé heimilt að leggja fyrir Félagsdóm samkvæmt 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá er á það bent, að það geti ekki verið skilyrði fyrir lögmæti dómkrafna, að gerðar séu ítrustu kröfur. Af þessum ástæðum beri að hrinda frávisunarkröfu stefnda.

Það er ágreiningslaust, að samúðarverkfall vélstjóra í Vélstjórafélagi Íslands á skipum sóknaraðila, sem boðað var með bréfi 7. maí 1975, hafi komið til framkvæmda og standi enn.

Svo sem fyrr er lýst, gerir stefnandi þá kröfu, að samúðarverkfall þetta verði dæmd ólögmæt aðgerð gagnvart sóknaraðila. Hér er um að ræða ákveðna kröfu, sem stefnandi hefur lögmæta hagsmuni af að fá skorið úr og Félagsdómur er bær að dæma um skv. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Að svo vöxnu máli ber að hrinda frávisunarkröfu stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Dómendur í málinu eru: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Lindal, Árni Guðjónsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa stefnda um frávisun málsins er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.